

Orkuveita Húsavíkur ehf.

Kt. 641195-2359,
Ketilsbraut 9, 640 Húsavík.

Ársreikningur 2010

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8 - 16
Aðrar upplýsingar:	
Fimm ára yfirlit, lykilfjárhæðir og kennitölur	17

**Orkuvelta Húsavíkur ehf.,
Ketilsbraut 9,
640 Húsavík.**

<http://oh.is/>

Skýrsla stjórnar og áritun á ársreikninginn

Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur Orkuveitu Húsavíkur ehf. er orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Starfsemin á árinu 2010

Í október sl. seldi félagið 28,77% eignarhlut í Þeistareykjum ehf til Landsvirkjunar. Eftir söluna á félagið 3,2% eignarhlut í félaginu. Við söluna varð til söluhagnaður að fjárhæð 832 mkr. auk gangvirðisbreytinga eignarhlutans sem félagið heldur eftir að fjárhæð 86 mkr.

Þann 31. desember 2010 var gerður samningur við Global Geothermal Limited (GGL) um endurbætur og viðgerðir á Orkustöðinni að Hrísmóum að aflokinni áreiðanleikaúttekt, skv. samningi frá 19. apríl 2010. GGL mun taka við stöðinni að skilyrðum samningsins uppfylltum.

Rekstrartekjur ársins námu 191,5 mkr. Hagnaður fyrir afskriftir nam 90,6 mkr. en afskriftir námu 151,4 mkr. þar af 99,6 mkr. sérstök aukaafskrift á orkustöð vegna virðisrýrnunar virkjunarinnar. Tap fyrir fjármagnsliði nam 60,8 mkr. en fjármagnsliðir voru jákvæðir um 1.073,6 mkr. Hagnaður ársins eftir skatta nemur 870 mkr.

Í árslok 2010 er eignir félagsins bókfærðar á 1.682 mkr., skuldir nema 1.003 mkr. og eigið fé 679 mkr. og er eiginfjárlutfall 40,4% en það var neikvætt um 13% í ársbyrjun.

Framtíðaráform

Eftir sölu á raforkuhluta félagsins í árslok 2009 og sölu eignarhlutans í Þeistareykjum ehf á árinu 2010 einbeittir félagið sér að núverandi kjarnastarfsemi þ.e. sölu og dreifingu á köldu og heitu vatni. Á árinu 2010 var unnið að stefnumótun fyrir félagið sem gert er ráð fyrir að verði leiðarvísir eigenda, stjórnenda og starfsmanna á næstu árum.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur ekki til að greiddur verði arður af hlutafé að þessu sinni og vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Eignarhald á félaginu




Sveitarfélagið Norðurþing er eigandi að öllu hlutafé í félaginu.

Staðfesting ársreiknings

Stjórn Orkuveitu Húsavíkur ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins árið 2010 með áritun sinni.

Húsavík, 29/4 2011.

Í stjórn

 Elias Agustín
 Aðalbjörg Björnsdóttir
 Sigurður Hóskuldsson

Framkvæmdastjóri

 Guðrún Edda Jónsdóttir

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Orkuveitu Húsavíkur ehf

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Húsavíkur fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af atkomu félagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Húsavík,

29. apríl 2011.

PricewaterhouseCoopers ehf

Björn St. Haraldsson,
löggiltur endurskoðandi.

Davíð Búi Halldórsson

Davíð Búi Halldórsson,
löggiltur endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	<u>2010</u>	<u>2009</u>
Rekstrartekjur			
Orkusala	16	195.678.694	311.468.049
Aðrar tekjur	17	10.868.907	8.394.812
Söluhagnaður (tap)		(15.000.000)	133.603.689
		<u>191.547.601</u>	<u>453.466.550</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	15	55.153.560	46.999.662
Annar rekstrarkostnaður		45.768.507	136.920.521
		<u>100.922.067</u>	<u>183.920.183</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti		90.625.534	269.546.367
Afskriftir	4	151.381.899	257.715.138
		<u>252.303.966</u>	<u>441.635.321</u>
Rekstrar(tap)/hagnaður		(60.756.365)	11.831.229
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3		
Vextir og gengismunur af langtímaskuldum		120.288.713	(112.265.993)
Önnur fjármagnsgjöld og fjármunatekjur		953.288.847	(15.474.694)
		<u>1.073.577.560</u>	<u>(127.740.687)</u>
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta		1.012.821.195	(115.909.458)
Tekjuskattur	12	(142.863.967)	67.189.995
Hagnaður (tap) ársins		<u>869.957.228</u>	<u>(48.719.463)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	Skýr.	2010	2009
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4		
Orkuveitumannvirki		270.954.552	401.048.661
Fasteignir		71.464.253	75.104.520
Tæki og búnaður		2.774.545	1.257.228
Aðveituæð		206.699.331	220.670.239
		<u>551.892.681</u>	<u>698.080.648</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	5.1	151.186.082	283.939.066
Skuldabréfaeign	5.2	568.103.610	0
Tekjuskattsinneign	12	124.659.298	267.523.265
		<u>843.948.990</u>	<u>551.462.331</u>
Fastafjármunir samtals		1.395.841.671	1.249.542.979
Veltufjármunir			
Birgðir	6	160.000	225.000
Viðskiptakröfur	7	20.997.580	33.096.976
Krafa vegna sölu eigna		0	115.000.000
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		1.489.474	98.375
Handbært fé		263.937.399	70.535.729
		<u>286.584.453</u>	<u>218.956.080</u>
Eignir samtals		<u>1.682.426.124</u>	<u>1.468.499.059</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2010		2009	
Eigið fé	8				
Hlutafé		307.000.000		307.000.000	
Lögbundinn varasjóður		33.967.252		0	
Óráðstafað eigið fé		338.377.782		(497.612.194)	
		<u>679.345.034</u>		<u>(190.612.194)</u>	
Skuldir					
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbindingar	9	80.485.518		71.800.000	
		<u>80.485.518</u>		<u>71.800.000</u>	
Langtímaskuldir:	10				
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum		832.666.517		1.120.697.067	
Skuldir í íslenskum krónum		16.340.168		117.031.586	
		<u>849.006.685</u>		<u>1.237.728.653</u>	
Skammtímaskuldir:					
Skuld við tengdan aðila	13	11.477.202		150.622.605	
Viðskiptaskuldir		7.800.860		40.826.610	
Aðrar skammtímaskuldir		11.679.290		18.639.251	
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	10	42.631.535		139.494.133	
		<u>73.588.887</u>		<u>349.582.599</u>	
Skuldir samtals		1.003.081.090		1.659.111.253	
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.682.426.124</u>		<u>1.468.499.059</u>	
Ábyrgðarskuldbindingar	11				
Aðrar upplýsingar	15				

Sjóðstreymi árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		869.957.228	(48.719.463)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	151.381.899	257.715.138
Söluhagnaður		(832.897.240)	(133.603.689)
Aðrir liðir	14	(84.092.838)	3.963.399
		<u>104.349.049</u>	<u>79.355.385</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Víðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		10.708.297	(1.211.629)
Birgðir		65.000	75.000
(Lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(39.985.710)	(20.656.333)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar		(4.868.296)	(4.831.227)
		<u>(34.080.709)</u>	<u>(21.792.962)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>70.268.340</u>	<u>57.562.423</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárumunum	4	(5.193.932)	(3.435.313)
Sala eignarhluta		536.500.015	1.199.121
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	215.000.000
Aðrar kröfur, breyting		115.000.000	(115.000.000)
Fjárfesting í eignarhlutum í félögum		(44.759.400)	(86.321.888)
		<u>601.546.683</u>	<u>11.441.920</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		57.842.165	14.392.958
Skammtímalán, breyting		(139.145.403)	106.002.279
Afborganir langtímalána		(397.110.115)	(128.640.057)
		<u>(478.413.353)</u>	<u>(8.244.820)</u>
Hækkun á handbæru fé		193.401.670	60.759.523
Handbært fé í ársbyrjun		70.535.729	9.776.207
Handbært fé í lok árs		<u>263.937.399</u>	<u>70.535.729</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Orkuveita Húsavíkur ehf. vinnur og framleiðir heitt og kalt vatn, dreifir og selur afurðir fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi.

Félagið er hluti af samstæðu sveitarfélagsins Norðurbþings.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.2 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

2.3 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í Íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2011. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

2.4 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádragnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

2.5 Aðrar rekstrartekjur

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjárumunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

2.6 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og áfallnar vaxtatekjur vegna bankalinnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreyting er færð til tekna í rekstrarreikningi og á móti til eignar á eignarhluta félagsins í Þeistareykjum ehf.

Viðskipti í öðrum myntum en Íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Skýringar

2.7 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir og veitukerfið	3 - 6%
Bifreiðar og lyftarar	10%
Vélar, áhöld og búnaður	15 - 20%

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skoðaðir með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef gangvirði eigna er lægra en bókfært verð þeirra. Gangvirði er það sem er hærra af áætluðu söliverðmæti eða notkunarverðmæti.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söliverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði (tapi).

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.8 Fjárfestingar í eignarhlutum og öðrum verðbréfum

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum. Ef markaðurinn fyrir fjárfestingaverðbréf er ekki virkur ákvarðar félagið gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

2.9 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði.

2.10 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

2.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

2.12 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

Skýringar

2.13 Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding félagsins, vegna fyrrverandi starfsmanna, hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegar forsendur og 2% vexti umfram hækkunar á verðlagi og er færð til skuldar í efnahagsreikningi miðað útreiknaða stöðu tryggingafræðings 31. desember 2010.

2.14 Tekjuskattsinneign

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

2.15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

3. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Langtímaskuldir	Aðrir liðir	Samtals árið 2010	Samtals árið 2009
Vaxtatekjur	0	31.768.694	31.768.694	1.246.511
Arður	0	168.211	168.211	231.942
Gengismunur	125.034.126	13.926.631	138.960.757	(62.396.218)
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	0	86.076.822	86.076.822	0
Hagnaður af sölu eignarhluta í félögum	0	832.897.240	832.897.240	201.426
Höfuðstólslækkun langtímaskulda	22.607.735	0	22.607.735	0
Vaxtagjöld og verðbætur	(27.353.148)	(11.548.751)	(38.901.899)	(67.024.348)
	<u>120.288.713</u>	<u>953.288.847</u>	<u>1.073.577.560</u>	<u>(127.740.687)</u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Orkuveitu- mannvirki	Aðveitulögn	Fast- eignir	Vélar, tæki og búnaður	Samtals
Bókfært verð 1/1 2010.....	401.224.585	220.670.224	75.104.520	1.081.319	698.080.648
Afskrifað á árinu	(33.861.587)	(13.970.893)	(3.640.267)	(298.806)	(51.771.553)
Virðisrymun.....	(99.610.346)	0	0	0	(99.610.346)
Viðbætur á árinu.....	3.201.900	0	0	1.992.032	5.193.932
Bókfært verð 31/12 2010..	<u>270.954.552</u>	<u>206.699.331</u>	<u>71.464.253</u>	<u>2.774.545</u>	<u>551.892.681</u>

Skýringar

4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (frh)

Virðisrýrnun ársins 2010 að fjárhæð 99,6 mkr. er vegna aflagðrar starfsemi Orkustöðvar en á árinu 2009 nam virðisrýrnun sömu eignar 200 mkr.

Fasteignir félagsins í ársbyrjun 2011 voru eftirtaldar:	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, leigulóð	Brunabóta-mat	Bókfært verð
Purrklefi	15.050.000	7.596.000	31.100.000	2.520.000
Hveravellir, dæluhús og tengistöð	2.204.000		13.950.000	0
Hrísmóar 1, 543,3 m ² og vatnsg.	59.920.000	5.790.000	212.250.000	61.107.751
Áhaldahús á Höfða, 318 m ²	7.660.000	2.840.000	31.650.000	7.836.502
	<u>84.834.000</u>	<u>16.226.000</u>	<u>288.950.000</u>	<u>71.464.253</u>

Efni og búnaður í Orkustöð að Hrísmóum 1, er trygður gegn bruna- og vatnstjóni fyrir 291 millj. og búnaður í Lyngmóum 2 fyrir 14 mkr. Þá eru veitumannvirki tryggð hjá Viðlagatryggingu Íslands gegn beinu tjóni af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Tryggingarupphæð er 2.969,6 millj. króna og sundurliðast þannig;

	Tryggingafjárhæð
Vatnsveita	405.452.000
Hitaveita í Aðaldal og Kinn	389.024.000
Hitaveita	2.175.113.000
	<u>2.969.589.000</u>

5. Fjárfestingar í félögum og öðrum verðbréfum

5.1 Eignarhlutir í félögum greinast á eftirfarandi hátt:	Eignarhlut-deild í %	Nafnverð í árslok	Bókfært verð í árslok
Þeistareykir ehf	3,20%	33.169.482	138.659.051
Hrafnabjörg ehf	18,75%	1.875.000	1.875.000
Íslensk orka ehf	20,40%	33.994.041	38.936.125
- óbein niðurfærsla hlutabréfa í Íslenskri orku ehf.			(28.284.093)
			<u>151.186.082</u>

Í árslok 2010 var bókfært verð eignarhlutans í Þeistareykjum ehf hækkað um 86 mkr. með mótfærslu á rekstur vegna gangvirðisbreytinga á grundvelli markaðsviðskipta með bréf í félaginu á árunum 2009 og 2010. Á árunum 2001 og 2002 voru hlutabréf í Íslenskri orku ehf afskrifuð óbeinni afskrift með mótfærslu á rekstur vegna árangurslausra borana í Öxarfirði.

5.2 Skuldabréfaeign

Greinist þannig:

Í USD, vextir 5%	568.103.610
Í ÍKR, NVT + 3% vextir	643.280.717
	<u>1.211.384.327</u>
Niðurfærsla vegna óvissu um fullnustu skv. samningi	(643.280.717)
	<u>568.103.610</u>

Skýringar

5.2 Skuldabréfaeign (frh)

Afborganir af skuldabréfaeign félagsins í árslok 2010 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2011 - 2018	0
Árið 2019 og síðar	568.103.610
	<u>568.103.610</u>

Á árinu 2010 seldi félagið 28,77% hlut í Þeistareykjum ehf. Hluti söluandvirðis eignarhlutans skv. kaupsamningi er háður því að orkuvinnsla hefjist innan tuttugu og fjögurra ára frá undirritun kaupsamnings og er sá hluti ekki færður til eignar vegna óvissu um fullnustu.

6. Birgðir

2010

2009

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði, eru óváttryggðar, og greinast þannig:

Ýmsar rekstrarvörur	160.000	225.000
	<u>160.000</u>	<u>225.000</u>

7. Viðskiptakröfur

2010

2009

Viðskiptakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur	24.018.297	43.332.100
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(3.020.717)	(10.235.124)
	<u>20.997.580</u>	<u>33.096.976</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign veitunnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins græinist þannig:

	2010	2009
Staða 1. janúar 2010	10.235.124	8.539.701
Endanlega afskrifaðar kröfur á árinu	(1.222.517)	(5.445.538)
Breyting afskriftareiknings á árinu	(5.991.890)	7.140.961
	<u>3.020.717</u>	<u>10.235.124</u>

Skýringar

8. Eigið fé

Hlutafé

Hlutafé félagsins skv. samþykktum þess er kr. 307.000.000 eftir hlutafjáraukningu á stofnári. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut að nafnverði í félaginu.

Lögbundinn varasjóður

Í lögbundinn varasjóð hefur verið lagt skv. ákvæðum í lögum um einkahlutafélög.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2010	307.000.000		(497.612.194)	(190.612.194)
Hagnaður ársins			869.957.228	869.957.228
Tillag í lögbundinn varasjóð		33.967.252	(33.967.252)	0
Eigið fé 31. desember 2010	307.000.000	33.967.252	338.377.782	679.345.034

9. Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding félagsins, vegna fyrrverandi starfsmanna, hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegar forsendur og 2% vexti umfram hækkunar á verðlagi og er færð til skuldar í efnahagsreikningi miðað útreiknaða stöðu tryggingafræðings 31. desember 2010.

	2010	2009
Staða 1. janúar 2010	71.800.000	71.000.000
Greiddar lífeyrisskuldbindingar á árinu	(4.868.296)	(4.831.227)
Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindinga á árinu	13.553.814	5.631.227
	80.485.518	71.800.000

10. Langtímaskuldir

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

Í USD	135.673.980
Í CHF	91.511.470
Í EUR	616.920.000
	844.105.450

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggðar skuldir	17.985.956
Óverðtryggðar skuldir	29.546.813
	47.532.769

Langtímaskuldir samtals	891.638.220
-------------------------------	-------------

Vegnir meðalvextir langtímalána í árslok eru 1,55%.

Skýringar

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2010 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2011	42.631.535
Árið 2012	13.084.722
Árið 2013	13.084.722
Árið 2014	13.084.722
Árið 2015	13.084.722
Síðar	796.667.795
	<u>891.638.220</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 891.638.220 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir á árinu 2011, færðar meðal skammtímaskulda	42.631.535
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	849.006.685
	<u>891.638.220</u>

11. Ábyrgðarskuldbindingar

Félagið er í sjálfskuldarábyrgð, Pro rata, fyrir 294 mkr. langtímaláni Þeistareykja ehf í Íslandsbanka sem er á gjalddaga 15.2.2011.

Félagið er í solidarískri ábyrgð fyrir 330 mkr. skuldabréfaláni Þeistareykja ehf hjá Landsbanka Íslands hf ásamt öðrum hluthöfum í Þeistareykjum ehf. en Þingeyjarsveit. Hluthafasamkomulag er í gildi um að ábyrgðin skiptist hlutfallega miðað við eignaraðild að Þeistareykjum ehf komi til þess að á ábyrgðina reyni. Lokagjalddagi er 15.4.2011.

12. Tekjuskattsinneign

Breyting tekjuskattsinneignarinnar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsinneign í ársbyrjun	267.523.265
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	(142.863.967)
Tekjuskattsinneign í árslok	<u>124.659.298</u>

Tekjuskattsinneign greinist þannig á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir	139.808.632
Eignarhlutir í félögum	(17.342.026)
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	125.034.573
Lífeyrisskuldbinding	16.097.104
Gengismunur	(14.335.687)
Aðrir liðir	56.000
	<u>249.318.595</u>
Inneign færð niður vegna óvissu um nýtingu	(124.659.298)
	<u>124.659.298</u>

Ekkí kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2011 þrátt fyrir hagnað á árinu 2010 vegna óskattskylds söluhagnaðar af eignarhlut í öðru félagi. Félagið á ekkert yfirfæranlegt skattalegt tap í lok ársins.

Skýringar

12. Tekjuskattsinneign (frh)

Starfsemi vatnsveitu fellur hvorki undir ákvæði laga um tekjuskatt né laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Tekjur félagsins af vatnsveitu teljast því ekki skattskyldar og rekstrargjöld að meðtöldum afskriftum ekki frádráttarbær kostnaður við ákvörðun tekjuskatts.

13. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélög, hlutdeildarfélög, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengda aðila árið 2010:	Keypt þjónusta	Seld þjónusta	Kröfur	Skuldir
Norðurþing.....	5.698.692		3.074.073	11.477.202

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipta við ótengda aðila.

14. Sjóðstreymi

	2010	2009
Aðrir liðir, samkvæmt sjóðstreymi, sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi, greinast þannig:		
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum	(123.708.882)	70.353.362
Gengismunur af skuldabréfaeign	(8.117.180)	0
Tekjuskattur/Skattinneign	142.863.967	(67.189.995)
Gangvirðisbreyting eignarluta í öðru félagi	(86.076.822)	0
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	13.553.814	5.631.227
Höfuðstólslækkun langtímaskulda	(22.607.735)	0
	<u>(84.092.838)</u>	<u>8.794.594</u>
Hreint veltufé frá rekstri greinist þannig eftir starfsemi:		
Áframhaldandi rekstur	104.349.049	62.897.385
Aflögð starfsemi	0	16.458.000
	<u>104.349.049</u>	<u>79.355.385</u>

15. Aðrar upplýsingar

Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:

Laun	38.054.696
Launatengd gjöld	8.413.346
Hækkun lífeyrisskuldbindinga á árinu	8.685.518
	<u>55.153.560</u>

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 5 starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum. Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur. Laun stjórnar og stjórnanda námu um 9,3 mkr.

Skýringar

Hlutafjárloforð

Félagið hefur skráð sig fyrir hlutafé í Hrafnabjörgum ehf fyrir kr. 5.625.000 sem ekki hafa verið innkallaðar.

Samningur við Global Geothermal Limited og Orkusóluna

Gerður var samningur við Global Geothermal Limited (GGL) í lok ársins 2010 um viðgerð og endurbætur á Orkustöð I Hrísmóum. Samkvæmt samningnum yfirtekur GGL Orkustöðina og ber kostnað af viðgerð og rekstri. GGL mun að sama skapi fullnusta samning sem gerður var í nóvember 2009 við Orkusóluna um að Orkuveitan skuldbindi sig til að framleiða eða kaupa og afhenda rafmagn frá raforkuvinnslu úr orkustöð á Hrísmóum og tekur samningurinn gildi þegar virkjunin verður gagnsett með endurbótum. Samningurinn er tímabundinn og gildir frá gangsetningardegi virkjunarinnar og án uppsagnar til sama dags þremur árum síðar, þó aldrei lengur en til 30. maí 2013.

Annað

Félagið hefur eignatryggingar eins og fram kemur í skýringu 2 auk frjálsra ábyrgðatrygginga.

16. Orkusala

	2010	2009
Sala sundurliðast þannig:		
Raforka	0	124.811.559
Hitaorka	144.679.026	137.808.739
Kalt vatn	50.999.668	48.847.751
	<u>195.678.694</u>	<u>311.468.049</u>

17. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur sundurliðast þannig:

Tengigjöld	1.638.931	1.847.434
Þjónustu og vörusala	1.934.443	9.455
Gagnaveita	1.648.000	1.490.768
Seðilgjöld	644.528	824.598
Styrkir	272.962	479.166
Seld vinna og efni (áhaldahús)	21.059.048	27.641.337
Millideildasala	(17.076.091)	(24.654.922)
Aðrar tekjur	747.086	756.976
	<u>10.868.907</u>	<u>8.394.812</u>

Fimm ára yfirlit, lykilfjárhæðir og kennitölur

Allar fjárhæðir á verðlagi hvers árs í þús. króna:

	2010	2009	2008	2007	2006
Kennitölur tengdar sjóðstreymi					
Hreint veltufé frá rekstri	104.349	79.355	9.457	64.336	89.056
Fjárfestingahreyfingar	601.547	11.442	-97.674	-50.573	-31.364
Rekstrarárangur					
Rekstrartekjur samtals	191.548	453.467	291.538	277.070	266.195
Rekstrarhagnaður (tap)	-60.756	11.831	17.657	45.485	28.708
Hagnaður (tap) ársins	869.957	-48.719	-609.515	56.258	-23.991
Ýmsar stærðir sem hlutfall af veltu (%)					
Rekstrarhagnaður án söluhagnaðar (taps) fyrir afskriftir í % af tekjum (EBITDA)	51,14%	42,50%	30,04%	41,78%	35,57%
Hagnaður (tap) ársins í % af tekjum	454,17%	-10,74%	-209,07%	20,30%	-9,43%
Efnahagur og fjárhagslegur styrkleiki					
Veltufjárhlutfall	3,89	0,63	0,15	0,63	0,97
Eignir samtals, í þús. króna	1.682.426	1.468.499	1.475.607	1.380.405	1.433.658
Eigið fé, í þús. króna	679.345	-190.612	-141.892	467.622	411.364
Eiginfjárhlutfall	40,38%	-12,98%	-9,62%	33,88%	28,69%

Aðrar upplýsingar miðað við árslok 2010:

	Hitaveita	Vatnsveita	Orkustöð
Íbúar á veitusvæði.....	2229	2229	
Veitur (mælitæki).....	1063	17	
Uppsett afi.....	43,9 MW	300 l/s	
Lengd safn og aðveituæða.....	49,5 km	4 km	
Lengd dreifikerfis.....	29 km	29 km	
Rafmagnsframleiðsla í Orkustöð.....			0,0 GWh/ári